

Verkefni sem hlutu Kópinn, viðurkenningu menntaráðs fyrir framúrskarandi skóla- og frístundastarf í apríl 2026

Dungeons and Dragons klúbbastarfið	Félkó
Stutt lýsing	Verkefnið er Dungeons og Dragons klúbbastarf þar sem börn geta komið, skapað sína eigin hóp og skapað sameiginlega heim og unnið saman í hlutverkaspilinu
Hvernig nýtist verkefnið í þágu nemenda/barna/ungmenna	Verkefnið nýtist í félagsfærni barna, tengslamyndun og hópefli. Starfið er með sjálfstæði í brennidepli þar sem börnum er úthlutað allt sem þau þurfa til þess að spila og sýna síðan fram á sjálfstæð félagsleg brögð. Starfsmenn aðstoða og eru almennt með utanumhald um starfið
Sýnilegur árangur?	Árangurinn að mati starfsfólks er sýnilegur þar sem börnin sem eru ekki almennt að mæta í félagsmiðstöðvar eru farin að eignast vini á vegum klúbbsins og hefur hópur haldist eftir útskrift. Árangurinn er einnig sýnilegur í teymisvinnu, félagslegum þáttum og sjálfstæði barnanna.
Höfundur/ar stjórnendur verkefnis	Daði Helgason, Alexander Þór Gunnarsson, Helga Dögg Þorsteinsdóttir, Gísli Ölvesson og Tinna Heimisdóttir
Smámál- Orðaflaumur og Orðaflúr	Smáraskóli – Ath 2 tilnefningar
Stutt lýsing	Verkefnið er heildstætt og vel uppbyggt námsefni á unglingastigi sem leggur áherslu á fjölbreyttan orðaforða, skapandi vinnu og virka þátttöku nemenda. Það byggir á hæfniviðmiðum og lykilhæfni Aðalnámskrár, sem eru nemendum skýrar frá upphafi ásamt gagnsæju námsmati og skýrum námskröfum. Verkefnin eru fjölbreytt í eðli og framsetningu, unnin bæði einstaklings-, para- og hópum og bjóða nemendum raunverulegt val og sveigjanleika. Í Classroom geta nemendur stjórnað vinnuhraða sínum og kennarar aðlagð umfang að þörfum hópsins. Uppsetningin er fagleg og aðgengileg og styður við inngildandi nám þar sem ólíkir styrkleikar fá að njóta sín. Heildstæð nálgun verkefnisins eflir sjálfstæði, ábyrgð, samvinnu og námsvitund og gerir nemendum kleift að hafa áhrif á eigið nám á markvissan og skemmtilegan hátt.
Hvernig nýtist verkefnið í þágu nemenda/barna/ungmenna	Afar inngildandi nálgun á íslenskukennslu með nemendamiðun í huga og eflingu námsvitundar. Gerir íslenskuna skemmtilega og kennir nemendum fjölbreytileika hennar sem og fjölbreytni í útfærslum á verkefnum. Þar sem verkefnið er unnið í samvinnu sérkennara og íslenskukennara hefur það inntak sem kemur til móts við allan nemendahópinn.
Sýnilegur árangur?	Nemendur hafa þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum á eigin hraða og því að fá að hafa áhrif á námið sitt. Einnig er markvisst unnið að auknum orðaforða með góðum árangri. Gleði í námi hjá nemendum, aukin samvinna nemenda og eflingu námsvitundar allra.
Höfundur/ar stjórnendur verkefnis	Steinunn Gerður Kristjánsdóttir, Guðrún Dröfn Ragnarsdóttir Anna Þórunn Guðmundsdóttir og Kristín Jóna Kristjónsdóttir,
Laugavegsganga	Smáraskóli
Stutt lýsing	Á hverju hausti gengur 8. bekkur Laugaveginna ásamt kennurum og öðrum fullorðnum. Ferðin er vel undirbúin og kynnt í 7. bekk. Markmiðið er að efla samvinnu, sjálfstæði og hópefli, og kynnast á nýjan hátt utan

	skólastofunnar. Nemendur gista í skálum, smyrja eigið nesti og bera lágmarksbúnað, en farangur er fluttur á milli skála. Ferðin hefur reynst nemendum mikilvæg upplifun þar sem þeir takast á við áskoranir eins og úthald, matarmál og heimþrá. Hún er oft nefnd hápunktur grunnskólagöngunnar. Félagsmiðstöðin hefur einnig tekið þátt síðustu ár til að styrkja tengsl. Að ferð lokinni vinna nemendur þverfaglegt verkefni í samfélagsfræði, íslensku og lífsleikni, meðal annars dagbækur og fræðslu um leiðina og hálendið. Kennarar Smáraskóla hafa kynnt verkefnið í HÍ og fengið afar jákvæð viðbrögð. Hugmyndafræðin byggir á samveru, útvist, þrautseigju, sjálfstæði og gleði.
Hvernig nýtist verkefnið í þágu nemenda/barna/ungmenna	Eflir þrautseigju og sjálfstæði en er hópefli fyrir nemendur og kennara saman. Fyrir utan upplifunina að ganga þessa leið (sem fæstir nemendur hafa gert) læra þau mikið um hálendið, göngur, útbúnað og fleira í ferðinni og eins þegar heim er komið. Gleðin, sigramir og spennan spila líka stóran þátt í að gera verkefnið svona eftirminnilegt.
Sýnilegur árangur?	Hópurinn kynnist á alveg nýjan hátt og nemendur kynnast kennurum sínum og starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar í upphafi unglingastigs. Nemendur sem hafa gengið Laugaveginna læra líka að skipuleggja göngur og kynnast ferðinni og dvölinni á hálendinu sem hlýtur að vera einstakt.
Höfundur/ar stjórnendur verkefnis	Verkefnið hefur verið í skólanum líklega frá upphafi skólans og fjölmargir koma að skipulagningu og framkvæmd þess en ábyrgðaraðili er Börkur Vígbórsson, skólastjóri.
Jólasjónvarp	Salaskóli og félagsmiðstöðin Fönix
Stutt lýsing	Salaskóli og Fönix bjóða upp á valgrein á haustönn þar sem nemendur framleiða jólapátt sem sýndur er í beinu streymi fyrir allan skólann í síðustu viku fyrir jólaleyfi. Nemendur skrifa handrit, skipta með sér hlutverkum eins og leikstjórn, kynningarmálum og tæknivinnu og safna inn sketsum og atriðum frá öllum árgöngum skólans. Þátturinn inniheldur fjölbreytt innslög, allt frá gamanatriðum og dansi til jólastemningar og góðra boðskapa. Á útsendingardegi skapa kennarar hátíðlega stemningu í stofunum og horfa með nemendum. Valhópurinn sér um upptökur, klippingu og samsetningu þáttarins og tryggir að atriði frá öllum stigum skólans fái að njóta sín.
Hvernig nýtist verkefnið í þágu nemenda/barna/ungmenna	Þetta hefur reynst frábært tækifæri til að sameina skólann í gleði, sköpun og jólalegum anda og fagna frábæru starfi nemenda okkar. Nemendur upplifa skólann allan sem eina heild og mörg njóta sín í mismunandi verkefnum. Valgreinin hefur verið góð viðbót við aðrar og hefðbundnari greinar og gefa þeim tækifæri sem velja síður bóknám eða útiveru.
Sýnilegur árangur?	Bein útsending í síðustu viku fyrir jólaleyfi, allir árgangar sátu límdir við skjáinn í sinni heimastofu! Rætt hefur verið að útvíkka útsendingu og bjóða foreldrum að nálgast beint streymi. Verkefni var einnig samstarf við Garðar hjá UT deild sem brást vel við útkalli kvöldið fyrir beint streymi þegar tæknimálin fóru í flækju!
Höfundur/ar stjórnendur verkefnis	Sigríður Rut Marrow Arnþórsdóttir, Halldór Snorrason og Harpa Rós Guðmundsdóttir
Markviss notkun ThatQuiz og OneNote í stærðfræðikennslu á unglingastigi fyrir fjölbreyttan nemendahóp.	Álfhólsskóli

Stutt lýsing	Verkefnið felst í samþættri notkun stafrænu verkfæranna ThatQuiz og OneNote í stærðfræðikennslu á unglingastigi fyrir fjölbreyttan nemendahóp þar á meðal í einhverfudeild. Með ThatQuiz er hægt að kanna forhugmyndir nemenda og fylgjast með námi þeirra í rauntíma, á meðan OneNote er notað til að setja fram skýrar, sjónrænar útskýringar og glósur sem nemendur hafa aðgang að hvenær sem er. Aðferðin styður við leiðsagnarmat, einstaklingsmiðað nám og virka þátttöku nemenda.
Hvernig nýtist verkefnið í þágu nemenda/barna/ungmenna	Verkefnið eykur skilning, þátttöku og sjálfstæði nemenda með skýrri, sjónrænni og skipulagðri framsetningu á stærðfræðiefni. Aðferðin hentar sérstaklega vel í einhverfudeild þar sem hún býður upp á fyrirsjáanleika, litakóðun, skrefaskiptingu og verkefni á mismunandi erfiðleikastigum. Hún aðlagast ólíkum hraða og hæfni nemenda og styður þannig einstaklingsmiðað og inngildandi nám. Aðferðin hefur sýnt mælanleg jákvæð áhrif á fjölbreytta nemendahópa og styrkt bæði sjálfstæði og öryggi þeirra í námi.
Sýnilegur árangur?	Nemendur eru virkari í kennslustundum og skilningur þeirra á stærðfræði hefur aukist, sérstaklega vegna skýrrar og sjónrænnar framsetningar. Nemendur í einhverfudeild sýna meira öryggi, betri einbeitingu og aukna þátttöku þegar kennslan er skipulögð og sjónræn. Kennari hefur jafnframt betri yfirsýn yfir stöðu hvers nemanda og getur brugðist fljótt við. Niðurstöður úr ThatQuiz sýna skýrar framfarir og styðja markvissa eftirfylgni.
Höfundur/ar stjórnendur verkefnis	Hera Thai Ha Nguyen, stærðfræðikennari í Álfhólsskóla.
Snillismiðja og vísindasmiðja	Frístund Salaskóla
Stutt lýsing	Vísinda- og snillismiðjurnar í frístund Salaskóla eru mjög vinsælar og styrkja bæði vísindalæsi og miðlalæsi barna. Markmiðið er að efla forvitni, sköpun, gagnrýna hugsun og tæknivitund í gegnum leik og tilraunir. Í vísindasmiðju kynnast börn vísindum á hagnýtan hátt, spyrja spurninga, prófa hugmyndir og draga ályktanir. Þannig eflist skilningur þeirra á náttúruvísindum og rökhugsun. Í snillismiðju vinna börn með fjölbreytta miðla, skapa eigin verk og læra að nota tækni á skapandi og gagnrýnninn hátt. Þar styrkja þau tjáningu, sjálfstæða hugsun og samfélagsvitund.
Hvernig nýtist verkefnið í þágu nemenda/barna/ungmenna	Saman mynda þessar smiðjur heildstætt námssamfélag þar sem börn fá að læra með því að gera, skapa og uppgötva. Starfið samræmist áherslum frístundalæsis, þar sem lögð er áhersla á að efla félagsfærni, sjálfstæði, sköpun og virka þátttöku barna í fjölbreyttu og öruggu umhverfi. Í smiðjunum fá börnin tækifæri til að læra í gegnum leik og reynslu, vinna saman, tjá hugmyndir sínar og taka þátt í uppbyggjandi starfi sem styður við heildrænan þroska þeirra í anda frístundalæsis.
Sýnilegur árangur?	Verkefnið hefur þegar sýnt skýran árangur; mikill áhugi og spenna er meðal barnanna, þátttaka er öflug og greinilegt er að sköpunargleði, sjálfstraust og samvinna hafa aukist. Börnin sýna aukið frumkvæði, hugrekki og meiri hæfni til að tjá hugmyndir sínar.
Höfundur/ar stjórnendur verkefnis	Kristrún Sveinbjörnsdóttir forstöðukona frístundar og Katrín M. Haig Konráðsdóttir aðstoðarforstöðukona frístundar.
Góðmenning	Kópavogsskóli og Kjarninn félagsmiðstöð
Stutt lýsing	Þegar félagsmiðstöðin kynnir starfsemi sína fyrir miðstigsbörnum (5. - 7. bekk með kennara) er á sama tíma kynnt Góðmenning og lögð áhersla á gildi hennar. Góðmenning er hugmyndafræði sem unnið er með í starfseminni og í grunninn snýst hún um að öllum nemendum sé umhugað um hvernig náunganum líður. Áherslan er s.s. á umburðarlindi og samkennd í anda "Good before smart - hugmyndafræðinnar". Með þessari nálgun læra nemendur (og þátttakendur í frístundastarfi) að taka sameiginlega ábyrgð á menningunni sem ríkir innan veggja skóla síns og félagsmiðstöðvar og þeim kennt af hverju þessi áhersla er mikilvæg og hvernig. Notaðar eru fjölbreyttar uppeldislegar

	aðferðir, t.d. sem tengjast lífsleikni, verkefnanámi (learning by doing). Áhersla er á að efla gleði, forvitni, félagsfærni og sjálfstraust.
Hvernig nýtist verkefnið í þágu nemenda/barna/ungmenna	Góðmenningin, í heildi sinni í heild sinni, mun að hafa þau áhrif að árangur mun aukast samhliða því að hverjum nemanda/frístundaiðkanda líður betur og er öruggari með sig. Þannig eykst námsárangur og annar árangur (t.d. í íþróttum, áhugamálum, samskiptum, vináttu- og félagsfærni).
Sýnilegur árangur?	Það tekur tíma að byggja upp menningu og því liggja mælingar á langtímaáhrifum ekki fyrir. Það sem hins vegar er þegar komið í ljós er að nemendur voru áhugasamir og voru virkir í umræðum og opnuðu sig um hvað þeim fannst ábótavant. Stemming og hegðun breyttist í kjölfar kynninga hjá bekkjum / hópum sem hlýtt höfðu á kynninguna. Ljóst er að Góðmenningin er eitthvað sem þarf að vera lifandi í umræðunni dags daglega og til að árangur náist þarf að kynna hugmyndafræðina reglulega (og með mismunandi hætti eftir hvaða árgangur á í hlut). Þannig síast hugmyndafræðin inn og á endanum mun hafa veruleg áhrif á skóla- og félagsmiðstöðvabrag.
Höfundur/ar stjórnendur verkefnis	Magnús Alfonsson, smíðakennari í Kópavogsskóla. Halldór Hlökkversson, forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Kjarnans.